

RHÍ FRETTIR



REIKNISTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Forsíðan:

Forsíðumynd RHÍ Frétta er vinningsmynd ljósmyndasamkeppni sem haldin var fyrir og af starfsmönnum Sturlugötu 8. Myndin er tekin af gosinu á Fimmvörðuhálsi af Alberti Jakobssyni.

EFNISYFIRLIT

Inngangsorð	3
Háskólanetið 20 ára	4
Leyniþjónusta RHÍ	6
Nýr vefur RHÍ	7
RHÍ skólinn	7
Windows 7 galdrar	8
rhi.hi.is - yfirlit	10
Mac-Os galdrar	12
Linux galdrar	14
Lykilorð	15
Vefir Háskólaborgara	15
Að taka próf á tölvur	16
Zotero eða Endnote	18
Kennitölur úr rekstri	19
Starfsmenn RHÍ	20

RHÍ - FRÉTTIR

Fréttabréf Reiknistofnunar Háskóla Íslands.
47.tölublað.

Útgefandi: Reiknistofnun Háskóla Íslands.

Ritstjórn og umbrot: Haukur Jóhann Hálfðánarson; hjh@hi.is.
Ábyrgðarmaður: Sæþór L. Jónsson; slj@hi.is.

Prentun: Oddi; Upplag: 500 eintök

ISSN 1670-8741



REIKNISTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Reiknistofnun Háskóla Íslands.
Sturlugötu 8
101 Reykjavík
Sími: 525-4222 - Fax: 552 8801
help@hi.is - www.rhi.hi.is

INNGANGSORÐ

Græn Ofurtölvu- og gagnaver á Íslandi

Gert er ráð fyrir því að orkunotkun upplýsingatækni- iðnaðarins (UT) verði 40% af allri orkunotkun á jörðinni 2030. Skortur á orku og kælingu leiðir til þess að leitað er að lausnum á norðurhvara veraldar. Þó að mikill og árangursríkur áróður sé fyrir orkusparnaði, þá leysir það engan veginn vandann. Vegna umhverfisáhrifa er því nauðsynlegt að leita að “Grænum” lausnum. Hér verður gerð tilraun til að lýsa fyrirmyndar Ofurtölvu- og Gagnaveri (O&G) framtíðar á Íslandi sem vonandi lítur dagsins ljós fljótlega. Fyrst er að telja hvað kemur í veg fyrir að núverandi O&G uppfylli kröfur:

- Hátt orkuverð
- Orkuskortur
- Háspennulínur
- Flutningstap
- Mótstaða við virkjun í héraði
- Misskipting skatttekna

Stóran hluta af þessum ókostum má leysa með því að færa O&G á virkjunarstað á “köldum” svæðum. Ávinningur þess er að í stað hvímléiðra og kostnaðarsamra háspennuvirkja og háspennulína, kæmu ljósleiðaralagnir sem hefðu engin

umhverfisáhrif og hverfandi kostnað í för með sér. Orkan yrði nýtt beint frá rafölum virkjunar með lámarks tapi. Kæling fengist með sjálfrennandi vatni frá virkjunarlónum í tilfelli vatnsaflsvirkjana og með nýtingu óþéttanlegra gasa í tilfelli jarðhitavirkjana. Með því að nýta orkuna í héraði myndi skapast meiri sátt um virkjanir, en gæta þyrfti að því að allir sem land eiga að virkjunarsvæðunum njóti skatttekna af virkjunni. Með þessari lausn fengjust lámarks orkutap og lámarks umhverfisáhrif ásamt hámarks framlegð orkusölu. Best væri að mennta upp staðbundið vinnuafli til rekstursins. Mikil áhersla hefur verið lögð á góða nýtingu orkufreks iðnaðar, en frá umhverfissjónarmiði er aðalatriðið að orkan sé framleidd með umhverfisvænum og endurnýjanlegum orkugjöfum. Lykilatriði eru :

- Umhverfisvæn og endurnýjanleg orka
- Nýting orkunnar nærri virkjunarstað
- Ljósleiðarar í stað háspennulína
- Nýting orkunnar án háspennuvirkja
- Nýting vinnuafis í héraði
- Endurmenntun mannauðs á svæðinu
- Kæling með sjálfbærum hætti
- Góð framlegð orkuvinnslu

slj@hi.is




Sjálfbær nýting orku og háspennuvirkin horfin

HÁSKÓLANETIÐ 20 ÁRA

Upphafið

Um þessar mundir eru 20 ár síðan fyrstu hlutar háskólanetsins (HÍnet) voru teknir í notkun. Á árunum milli 1985 og 1990 voru vísar netsins settir upp og á þessum árum voru lagnaleiðir (rör) lagðar milli bygginga á háskólasvæðinu og fyrsta ljósleiðarastaðarnetið á Íslandi byggt upp. Árið 1991 náði netið til helstu bygginga austan og vestan Suðurgötu. Háskólanetið var frá upphafi og er reyndar enn byggt á Ethernet tækni og var hraðinn í byrjun 10Mbps.

Eftirfarandi er skissa af netinu eins og það var í desember 1991 en Helgi Jónsson og undirritaður höfðu þá unnið að hönnun þess í nokkurn tíma og var þá grunnetið komið í endanlega mynd. Framsækni og gæði þessarar tækni sést best á því að Háskólanetið byggir ennþá á sömu grunneiningum og sömu grunntækni 20 árum síðar og eftir 100-falda afkastaaukningu.




Áframhaldandi þróun

Síðan hefur mikil þróun orðið í netmálum háskólans og þjónusta HÍnets nú orðin sú undirstaða sem öll upplýsingatækni háskólans byggir á. Netið byggir ennþá á


Ethernet ljósleiðurum en hraðinn hefur verið aukinn 100-falt, í 1Gbs grunnhraða, en álagsmestu samböndin hafa nýlega verið uppfærð í 10Gbs.

Háskólanetinu má skipta gróflega í bakbein, húsnæði og þráðlaus net. Bakbein netsins er burðarnet milli lykiltengipunkta þar sem aðrar byggingar tengjast. Við hönnun bakbeins er mikið lagt upp úr rekstraröryggi með því að sjá til þess að umfremd kerfisins sé nægjanleg. Umferðarmerkt tenginga-kort af HÍneti má sjá á <http://hinet.hi.is/traffic-map>



Hin ýmsu hús á háskólasvæðinu tengjast þessum tengipunktum og með því að smella á einstaka hluta ofangreinds kort á vef HÍnet má sjá nánari upplýsingar.

Með þessu móti geta notendur netsins fylgst með ástandi burðarvirkis, þróun umferðarrýmdar og öðrum rekstrarlegum aðstæðum. HÍnet hefur frá upphafi haft slíkar upplýsingar aðgengilegar öllum og í raun hafa notendur aðgang að mörgum sömu grunnupplýsingum um netið og stjórnendur þess. Sjá <http://hinet.hi.is/>



Þráðlaust net

Þráðlausu netin voru sett upp á árunum 2000-2002 og hefur ásókn í notkun þeirra aukist mikið undanfarin ár. Það er stefna Reiknistofnunar að þráðlaust samband náist á sem flestum stöðum þar sem háskólinn er með starfsemi sína. Á vef HÍnet <http://hinet.hi.is/wl-users/> má fylgjast með ástandi þráðlausa kerfisins.

Í tengslum við þetta má svo minna á að HÍ er hluti af EduRoam kerfinu sem leyfir notendum HÍ sem heimsækja aðra háskóla erlendis að tengjast neti þeirra með sömu auðkenningu og þeir nota hér á landi. Sjá nánar <http://www.eduroam.is/>

HÍnet í tölum

Í dag nær HÍnet til u.þ.b. 40 bygginga háskólans víðs vegar í Reykjavík og til nokkurra staða út á landi. Undirnet HÍnet eru þó miklu fleiri en umferð er beint milli 145 mismunandi undirneti háskólanetsins. Virkar ljósleiðaratengingar milli húsa og starfstöðva á HÍnet eru 35 en þar af eru 30 í eigu HÍ en 5 eru leigðar af Gagnaveitu Reykjavíkur.


Til að menn geti glöggvað sig á stærð og umfangi netsins má nefna að HÍnet tengist RHnet (sjá <http://www.rhnet.is/>) á tveimur 10Gbs samböndum (sem samtals bera 216TB á sólarhring, samtímis, bæði inn og út). Til gamans má geta að fyrsta Internettenging landsins við umheiminn var 9600 bitar á sek árið 1990, og að skjal sem tók 2 klukkustundir að sækja þá, tekur nú 0.004 sek. ef öll burðagetan væri nýtt í þá einu aðgerð.

Á háskólanetinu eru 34 beinar. Þar af eru 2 öflugir 10G jadarbeinar sem stjórna áður nefndu sambandi til RHnet og 32 innri skipti-beinar með samtals 195 tengi. Þessar innri beinar eru af 14 mismunandi tegundum sem keyra 9 stýrikerfisútgáfur.

Skiptar netsins eru 274 af 11 mismunandi gerðum sem keyra 39 mismunandi stýrikerfi og hafa með samtals yfir 8000 tengiport. Sjá <http://hinet.hi.is/traffic-map/> Þráðlausir sendar á háskólanetinu eru 297 af 6 mismunandi tegundum og keyra 11 mismunandi stýrikerfisútgáfur. Sjá <http://hinet.hi.is/wl-users>

Heimatengingar starfsmanna og nemenda við háskólanetið eru um ADSL kerfi Símans og Vodafone samtals 895 virkar tengingar. Umferð þessara sambanda er veitt til RHÍ um 1Gbs tengingar símafélaganna inn á HÍnet í Tæknigarði. Tengingar einstakra fræðasetra og ranssóknarstofa eru



einnig um slík safnsambönd, ásamt tengingum til starfstöðva Háskólans á Keldum og Laugarvatni. Sjá <http://www.hinet.hi.is/traffic-map/safnsambond-traffic-map.html>



Stúdentagarðar Félagsstofnunar eru einnig tengdir HÍneti, samtals 774 íbúðir. Stúdentagarðarnir við Eggertsgötu, Lindargötu og Skógarveg í Reykjavík eru allir tengdir með háhraða ljósleiðarasamböndum. Sjá <http://hinet.hi.is/traffic-map/gardar-husnet-traffic-map.html>

Vefur HÍnet

Ýmsar fróðlegar upplýsingar um ástand og þróun háskólanetsins má finna á vef netdeildar - Sjá <http://hinet.hi.is/>



marius@hi.is



LEYNIPJÓNUSTA RHÍ

Fyrir sumum er Reiknistofnun tiltölulega ósýnileg. Það er í raun ekkert óeðlilegt því góð þjónusta er oft þess eðlis að notandinn tekur ekki eftir henni (fyrir en hún hverfur). Samt sem áður fer mikið fram á stofnuninni sem fróðlegt er að vita af. Stór hluti vinnuferla er skráður í sérstakt kerfi sem starfsmenn nota sér til stuðnings. Hér fylgir listi af helstu vinnuferlum Reiknistofnunar.

Almenn notendapjónusta

- Aðlögun vefja í vefkerfi
- Kennsla á vefkerfi
- Panta tölvuver
- Prenta út leiðbeiningar
- Rekstur innri upplýsingagáttar
- Stilla notendaeiginleika
- Stilla tölvubúnað
- Uppsetning nýrra vefja
- Öryggisafritun vinnustöðva

Sérfræðipjónusta

- Almenn upplýsingatækniráðgjöf
- Betrubætur hugbúnaðar
- Framkvæmd kosninga og kannana
- Gangsetning hugbúnaðar
- Hönnun hugbúnaðar
- Kennsla
- Reglulegráðgjöf (þjónustusamningur)
- Skýrslugerð
- Smíði leiðbeininga
- Sérsmíði hugbúnaðar
- Viðhald hugbúnaðar

Rekstur véla

- Rekstur kennsluvéla
- Rekstur kiosk véla
- Rekstur miðlægra þjóna
- Rekstur prentara
- Rekstur símstöðva
- Rekstur tölvuverstölva
- Rekstur upplýsingaskjána
- Tæki tekið úr notkun

Innri starfsemi

- Afhending gagna til þriðja aðila
- Bilanatilkynningar
- Fjármálastýring
- Fundastjórn
- Gæðastýring
- Innri upplýsingamiðlun
- Kerfisbreytingar og -uppfærslur
- Kerfisgát
- Málaskrárstjórn
- Málaskrárvakt
- Starfsmannahald
- Stefnumótun
- Verkefnastýring
- Verkstjórn
- Viðbragðsáætlun vegna áfalla
- Innkaup

Rekstur tölvupjónusta

- Aðgangstýring tölvuvera og stúdentagarða
- Diskkvótastýring
- Endurheimt öryggisafrits gagna
- IP-tölu leiga
- Lénahýsing
- Prentkvótastýring
- Rekstur gagnagrunnskerfa
- Rekstur kennsluvefs
- Rekstur könnunarkerfis
- Rekstur nemendakerfis
- Rekstur rafrænnar kennsluskrár
- Rekstur reikniþyrpingar
- Rekstur smáauglýsingaþjónustu í tölvuverum
- Rekstur símkerfis
- Rekstur tölvuþjónusta - almennt
- Rekstur þjónustureikningakerfis RHÍ
- Vefhýsing
- Öryggisafritun gagna


Rekstur neta

- Rekstur neta
- Stilling ráðstefnunnets
- Tenging viðnet utan háskólans



Í sumar og haust var unnið að því að setja á laggirnar nýjan vef fyrir Reiknistofnun. Árangur erfiðisins fékk svo að líta dagsins ljós þann 29. október 2010.

Vefurinn er unnin í Drupal eins og flestir aðrir vefir stofnana og deilda HÍ. Töluverð vinna fór í að flytja efni á milli gömlu og nýju síðunnar þar sem farið var yfir allt efni og því hent út sem ekki var lengur nothæft. Einnig var mikið af efni bætt við til þess að gera síðuna enn notendavænni auk þess að gera notendum kleift að finna sem flest svör við þeim spurningum sem vakna varðandi tölvumál og nettengingar. Uppbygging síðunnar er í mjög klassískum stíl þar sem aðalvalmyndin er vinstra megin á síðunni og efnisinnihald þar við hliðina.



Mikil áhersla var lögð á að hafa sem mest efni á ensku fyrir erlenda notendur og nú í fyrsta sinn geta erlendir notendur nýtt sér vefsíðu Reiknistofnunar að mestu leyti.

Nokkuð er um myndskleið á síðunni og í framtíðinni mun þeim fjölga þar sem lögð verður áhersla á að flestar nýjar leiðbeiningar verði í myndskleiðsformi ásamt texta og myndaformi.

Einnig verður séð til þess að fréttir og annað áhugavert efni verði uppfært á forsíðunni.

Á miðopnu í blaðinu má sjá yfirlit yfir nýja vefinn þar sem helstu þættir eru útskýrðir frekar.

*lindae@hi.is
hjh@hi.is*

baldure@hi.is

Á öllum vinnustöðum er til þekking. Þekkingin liggur á ýmsum stöðum stundum í skjólum, gagnagrunnum eða hefðum. Oft liggur heilmikil sérþekking hjá einstökum starfsmönnum. Við hjá Reiknistofnun ákváðum í haust að reyna að ná í eitthvað af þessari sérþekkingu og deila með öðrum starfsmönnum. Í kjölfarið var RHÍ skólinn stofnaður.



RHÍ skólinn er ekki tæknilega merkilegt fyrirbæri en snýst um að stefna saman starfsmönnum Reiknistofnunar, einu sinni í viku í hálf tíma í senn. Skólinn fer fram með þeim hætti að starfsmenn sem búa yfir sérþekkingu halda stutta kynningu fyrir aðra starfsmenn á gefnu málefni.

Dæmi um málefni sem fjallað var um í haust eru:

- Notkun málaskrárkerfis Reiknistofnunar
- Gæðastjórnunarhugtök / Ferlasafn RHÍ
- Lestur mail-headera
- EDUROAM / Öryggi á þráðlausu neti
- HPC / Grid computig / Cloud
- Stjórnsýslulög / upplýsingalög
- Leitarvélur fyrir lengra komna

Dæmi um fyrirhugaðar kynningar:


- Verkefnistýringartól
- The Toyota Way
- Samvinnutól

Það má með sanni segja að starfsemi skólans hafi verið vel tekið meðal starfsmanna. Góð mæting hefur verið og miklar umræður hafa skapast í fyrirlestrum.

WINDOWS 7 GALDRAR

Bættu við flýtleið í möppu.

Ert þú oft að vista skjöl í sömu möppu á til dæmis heimasvæðinu þínu? Þá er sniðugt að opna möppuna, hægrismella á Favorites (sjá mynd) og velja "Add current location to Favorites". Einnig er hægt að draga möppuna beint undir Favorites. Næst þegar þú ferð í "save as..." þá er komin flýtleið í möppuna!



Færa til glugga með lyklaborði.

Hægt er að draga glugga að enda á skjánum og þá mun hann sjálfkrafa þekja helminginn af þeim hluta skjáarinn. Einnig ef þú dregur gluggann upp að toppnum þá mun hann þekja allan skjáinn. Hægt er að gera þetta með því að nota einungis lyklaborðið. Í eftirfarandi dæmum þá notum við þessa takka:




- Win + Vinstri ör og/eða Win + Hægri ör þá flyst glugginn á þann helming skjálsins sem örin segir til um.
- Win + Ör upp og/eða Win + Ör niður: Stækkar gluggan í fulla stærð og minnkar niður aftur.
- Win + M: Minnkar alla glugga niður á stiku.

- Win + Home: Minnkar alla glugga nema þann sem er í notkun. Smellir svo aftur að þá opnast þeir aftur. Einnig er hægt að smella í gluggann sem maður er að vinna með og hrista hann með músinni, þá detta allir hinir niður. Endurtakið þetta til að fá hina gluggana upp aftur.
- Ef þú ert með fleiri en einn skjá þá getur verið gott að nota Win + Shift + Ör og þá færast valinn gluggi yfir á þann skjá sem örin segir til um.


Fletta á milli forrita.

Besta leiðin er að halda niðri Alt og smella svo á Tab. Smelltu svo nokkrum sinnum á Tab til að velja forrit (hægt að nota skrunhjólíð á músinni). Það sama má gera með því að smella á Windows takkann og svo á Tab, þá færðu þrívíða mynd af gluggunum. Í báðum tilvikum fer valglugginn í gagnstæða átt ef þú heldur einnig Shift inni.



Að velja margar skrár.

Það er hægt að halda niðri Ctrl meðan mismunandi skrár eru valdar með því að smella á þær. Einnig halda niðri Shift ef velja á margar í röð. Ef það er unnið mikið í þessum ham, þá má setja Windows Explorer í „check box“ ham. Veldu Organize > Folder and search options > view. Neðarlega má finna Use check boxes to select items, veldu svo OK.



Flýtleiðir að mikið notuðum forritum.


Þau forrit sem eru mikið notuð er best að geyma á stikunni neðst á skjáborðinu. Til að koma forriti á stikuna er hægt að smella á forritið og valið „pin to Taskbar“. Á stikunni má svo draga forritin til og frá eftir hentugleika.

Endurnefna skrár fljótt.

Parftu að endurnefna margar skrár? Veldu fyrstu skrána, ýttu á F2 og skrifaðu nýja nafnið. Þegar það er búið, ýttu þá á Tab í stað Enter. Við þetta verður næsta skrá fyrir valinu og þú getur endurnefnt hana. Þú getur svo ýtt á Tab aftur og aftur til að færa þig niður listann.

Skipuleggið "System tray"

Þú getur á auðveldan hátt skipulagt kerfisbakkann (System tray) með því að smella á viðeigandi icon og draga það til á stikunni. Þú getur einnig smellt á örina til að draga þau icon sem þar eru niður á stikuna og svo dregið icon sem eru á stikunni upp í kassann þannig að þau séu ekki alltaf sýnileg. Þetta er góð leið til að losna við icon sem þú notar ekkert.



Stækka letur og glugga.


Í flestum forritum er hægt að stækka og minnka texta, myndir og annað innihald með því að smella á Ctrl og nota skrunhjólíð á músinni. Þetta er til dæmis hægt í lang flestum vöfrum, Office pakkanum og í möppum í Windows. Einnig er hægt að stækka allt á skjánum með því að halda inni Windows takkanum meðan smellt er á plús (+) takkann. Þannig er hægt að stækka allt á skjánum á sama tíma en ekki bara innihaldið í ákveðnu forriti.

Er Internet Explorer vafrinn hægur?

Það er oftast tengt því að add-ons eru lengi að keyra sig í gang. Til að sjá hvað er að hægja á honum veldu Tools > Manage Add-ons. Þar má sjá „load time“ á hverju og einu.


Kíkja á skjáborðið.

Þú getur hvílt músina á takkanum neðst til hægri til að sjá í gegnum alla opna glugga. Ef þú smellir á takkann þá minnka allir opnir gluggar niður á stikuna. Smelltu aftur og þeir verða sýnilegir aftur. Þetta er einnig hægt að gera með því að smella á Windows takkann + D.




Stækka "glugga" á stiku.

Það getur oft verið erfitt að sjá hvaða glugga maður er með í gangi þegar þeir hópast saman á stikunni. Gott getur verið að stilla það þannig að þeir hópast einungis saman ef plássíð er orðið of lítið. Hægismellið einhversstaðar á stikuna og veljið "Properties". Veljið svo á listanum "Combine when taskbar is full". Þarna eru einnig fleiri stillingar sem vert er að kíkja á.



Meira pláss á skjánum.


Það er hægt að minnka stikuna neðst á skjánum með því að hægismella á stikuna og velja Properties. Hakið þar við "Use small icons" og smellið á Apply til að sjá breytinguna. Svona græðið þið nokkra millimetra af skjápláss.



Leiðbeiningar


Þessi hluti heimasíðunnar er mest notaður af notendum. Hér er að finna allar helstu leiðbeiningar sem notendur hafa spurt mest um seinustu árin.

- **Forrit:** Listi yfir "Opin forrit", upplýsingar um forrit í boði fyrir notendur og helstu vandamál sem koma upp í algengum forritum.
- **Heimasvæði:** Sýnt hvernig tengjast á heimasvæðum og annað sem vert að vita um heimasvæði og sameiginleg svæði.
- **Nettengingar:** Allt um hvernig eigi að tengjast neti HÍ og hvaða möguleikar eru í boði. Hér er að finna nákvæmar leiðbeiningar hvernig þið tengið tölvurnar við netið.
- **Notendanöfn og lykilorð:** Hér má finna allt um notendanöfn og lykilorð eins og hvernig maður breytir lykilorði o.s.frv.
- **Prentun:** Allt um prentara / skanna og staðsetningu þeirra. Kaup á prentkvóta, vandamál tengd prentun og margt fleira.
- **Stýrikerfi:** Hluti af leiðbeiningunum á síðunni eru háð því stýrikerfi sem tölvan keyrir á. Hér er hægt að sjá hvaða stýrikerfi þú ert með.
- **Símtæki:** Ýmislegt um símtæki starfsmanna
- **Tölvupóstur:** Leiðbeiningar um uppsetningu á tölvupósti í hinum ýmsu póstforritum, síustillingar, póstlistar og margt fleira.
- **Ugla:** Ýmsar leiðbeiningar er varða Ugluna.



Um RHÍ

Hér má finna allar helstu upplýsingar um Reiknistofnun eins og starfsfólk, eldri fréttabréf RHÍ, deildir RHÍ, Tölvupjónustuna á Háskólatorgi og margt fleira.



FAQ

FAQ stendur fyrir Frequently asked questions eða Algengar spurningar. Hér er samansafn af öllum þeim spurningum sem við fáum hvað oftast inn á borð til okkar. Þeim er skipt í eftirfarandi flokka:

- Nemendur
- Nemendafélög
- Starfsmenn

rhi.h

Enska

Það var lögð áhersla á að erlendir nemendur gætu nýtt sér vef RHÍ og því var stærstur hluti vefsins þýddur yfir á ensku og er þetta í fyrsta skipti sem vefur RHÍ hefur að svona miklu leiti verið þýddur yfir á ensku.

Tenglar

Hér má finna tengla sem við teljum að notendur okkar geti nýtt sér. Hér eru til dæmis beinir tenglar á IP-talan mín og hraðamælir.

Efst á síðunni eru svo einnig tenglar beint inn á Uglu, ytri vef HÍ (hi.is) og vefpóstinn. Ef smellt er á merki HÍ hægra megin þá ferðu beint inn á hi.is. Sama á við um merki Reiknistofnunar vinstra megin. Sé smellt á það ferð þú aftur á forsíðu.

The screenshot shows the English version of the RHÍ website. At the top, there is a navigation bar with a UK flag, the text 'Ugla Vefur HÍ Vefpóstur', and the 'HÁSKÓLI ÍSLANDS' logo. Below this is a sidebar menu titled 'Tenglar' (Links) with the following items: 'Ip talan mín', 'Hraðamælir', 'Háskólablogg', 'Nemendafélög', 'Tölvuver', 'Vefsíður háskólaborgara', and 'student.is'. The main content area features a landscape image and a button labeled 'Nánar'. At the bottom, there is a 'Fréttalisti' button and contact information: 'Netum. nnanhús' and 'avík | Sími 525 4222 | Fax 552 8801 | Netfang help@hi.is'.

Fréttir

Hér munu reglulega birtast fréttir og greinar varðandi starf Reiknistofnunar. Einnig munum við koma með ýmsan fróðleik tengdan tölvumálum sem við teljum að notendur hafi gagn af.

hi.is

MAC-OS GALDRAR

Flýtylklar í Finder

Command + shift +

- A opnar forritamöppuna,
- D opnar skjáborðið,
- H opnar heimamöppuna,
- K opnar tengingu við netdrif.
- U opnar hjálparforritamöppuna.



Quick Look

Það er hægt að fá sýnishorn (preview) af nánast öllum skjölum með því að velja það í Finder og ýta á bíslá (spacebar). Þetta er einnig mögulegt inni í forritum s.s. Mail og þegar skjöl eru opnuð til dæmis í Photoshop.

Spotlight

Spotlight er nafnið á leitarvél stýrikerfisins, hana má nota í ýmislegt eins og:

- Ræsa forrit með því að opna spotlight, byrja að slá inn nafn forrits og smella á enter þegar valið forrit er ljómað.
- Ræsa með command + bíslá (spacebar).
- Leita í öllu og inni í öllu.
- Reikna. Prófaðu til dæmis að "leita" að 5+7.
- Smart folders. Það er hægt að geyma leitarniðurstöður sem möppu. Sú mappa inniheldur þá alltaf niðurstöður leitarinnar og uppfærir sjálfkrafa. Í Finder slærðu inn leitarorð, til dæmis "kind". Þessa leit er hægt að vista sem möppu á hliðarstikunni. Ef nýtt skjal verður til sem uppfyllir leitina verður það sjálfkrafa aðgengilegt í gefinni möppu.



Mest notaðar möppur

Þegar skjöl eru opnuð er fljótlegt að opna þær möppur sem mest eru notaðar. Veldu command + O í einhverju forriti. Neðst í möppu vallistanum er listi af möppum sem hafa verið notaðar nýlega.

Draga skjal ofan á forrit í dock

Það er hægt að opna skjal með því að draga það ofan á forrit í Dock.

Exposé og Spaces

Það er hægt að sjá alla virka glugga í einu og/eða alla glugga í virku forriti með því að smella á einn hnapp á lykklaborðinu. Hvaða hnappar eru notaðir er mismunandi eftir gerð lykklaborðs. Best er að skoða í System Preferences hvaða takkar eiga við.

Hægt er að hafa marga sýndarskjái virka samtímis og skipta milli þeirra með hraði. Opnið System Preferences (command + ;) og veljið þar Exposé & Spaces. Stillið að vild.

Dashboard

Með því að smella á F4 er hægt að fá aðgang að fjölda smáforrita.



Súmna

Hægt er að súmma inn í skjámynd í hendingu með því að smella á ctrl og skruna upp.

Dictionary

Það er hægt að leita að skilgreiningu orðs í hvaða texta sem er. Veldu orðið og hægrismelltu með músinni og veldu "Look up in Dictionary".

PDF smíði

Það er hægt að búa til PDF útgáfu allra skjala. Veldu að prenta skjal (command + P), smelltu á PDF takkann neðst til vinstri og veldu "Save as PDF".

Skjámynd (screenshot)

Það er hægt að taka mynd af skjásvæði með því að smella á command + shift + 4 og draga svo músina yfir svæðið sem myndu á. Mynd verður þá til á skáborðinu. Ef haldið er inni command + shift + 4 + ctrl lendir myndin á klippuspjaldi, og hægt að líma hana beint inn í skjal.

Ef ýtt er á bilslá eftir command + shift + 4 kemur upp tákn fyrir myndavél, þá getur notandi tekið mynd af einum opnum glugga.

Gulur miði

Hægt er að henda texta í einum vetvangi á gulan miða með því að velja texta og velja shift + command + Y.

Í opna/vista glugga

Til að sýna skjáborðið þegar þú ert í opna eða vista glugga þá getur þú smellt á command + D til að sjá skjáborðið.

Að sýna og fela forrit

Það er hægt að fela öll önnur forrit en það sem þú vilt vinna í með því að hægismella á icon þess í taskbar, smella á alt og velja "Hide Others".

Að afrita með hraði

Það er hægt að afrita skjal með einu handtaki með því að smella á alt um leið og skjalið er dregið í nýja möppu.

Þvinga lokun

Ef forrit vill ekki svara þá getur þú smellt á command + alt + shift + esc og haldið þeim niðri í 3 sekúndur. Þá lokast forritið og þannig losnar þú við að nota músina til fletta upp






LINUX GALDRAR

Hér á eftir má sjá þær flýtleiðir sem eru settar upp á Linux Gnome Upstream stýrikerfi. Ætla má að flestar af þessum flýtleiðum virki fyrir öll helstu Linux stýrikerfin.

Notendur geta einnig sjálfir sett upp flýtleiðir með því að smella á System -> Preference -> Keyboard Shortcuts.



Almennar flýtleiðir

- Alt + F1 – Opnar "Applications Menu".
- Alt + F2 – Sýnir "Run Application dialog". Skrifðu nafn á forriti til að opna það.
- Alt + Enter – Sýnir skrá/möppu "properties".
- Print Screen – Tekur skjámynd.
- Alt + Print Screen – Tekur skjámynd af þeim glugga sem er í notkun.
- Ctrl + Alt + hægri/vinstri ör – Skiptir á milli skjáborða (workspace).
- Ctrl + Alt + upp/niður ör – Fleiri leiðir til að flakka á milli skjáborða.
- Ctrl + Alt + d – Minnkar alla glugga til að sýna skjáborðið.
- F1 – Opnar "online" hjálparvafra og sýnir viðeigandi hjálp.

Nautilus flýtleiðir

- F2 – Endurnefna skrá/möppu.
- F3 – Virkja "split view" í Nautilus.
- F8 – Sýna/fela Nautilus valmyndina
- F9 – Sýna/fela hliðarstikuna.
- Ctrl + W – Loka þeim Nautilus glugga sem er virkur.
- Ctrl + R – Endurhlaða (reload) Nautilus gluggann.
- Alt + Upp ör – Fara eina möppu upp.
- Alt + Vinstri ör – Fara eina möppu til baka.
- Alt + Hægri ör – Fara eina möppu áfram.
- Alt + Home – Fer beint í "home" möppuna.
- Ctrl + H – Sýna/fela faldar skrár.
- Ctrl + : Stækka (zoom in).

- Ctrl - : Minnka (zoom out).
- Ctrl 0 : Sýna venjulega stærð.

Flýtleiðir fyrir glugga

- Alt + F7 – Getur fært virkan glugga með mús eða með örvum.
- Alt + F8 – Breyta stærð á glugga. Bæði hægt að gera með mús og örvum. Smellið á Enter til að klára.
- Alt + F10 – Lætur glugga fylla upp í skjáinn.
- Alt + F5 – Breytir glugga í fyrri stærð.
- Alt + F4 – Loka glugga.
- Alt + Tab – Hægt er að velja á milli glugga með því að smella á Alt og Tab. Haldið Alt takkanum inni og smellið á Tab nokkru sinnum eða þar til réttur gluggi er valinn og sleppið þá báðum tökkum.
- Ctrl + Alt + Tab – Hægt að velja á milli alla glugga sama á hvaða skjáborði (workspace) um ræðir.
- Alt + spacebar – Opnar "Window Menu".




VISSIR ÞÚ AÐ...

...unnið er að því að fá til Íslands Norrænt ofurtölvuver (Nordic HPC Pilot Plant).

Alþjóðleg dómnefnd mælir með staðsetningu á Íslandi. Núverandi aðilar að þessu verkefni, sem er á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, eru ofurtölvuver DCSC í Danmörku, SNIC í Svíþjóð og UNINETT Sigma í Noregi. Verkefnið hefur einnig fullan stuðning Finna.

Gert er ráð fyrir að ofurtölvuverið verði hýst hjá ThorData á Íslandi og verði gangsett um mitt ár 2011. Verkefnið nýtur einnig stuðnings Mennta- og vísindaráðuneytis Íslands.




Við upphaf starfs eða náms við Háskóla Íslands fá notendur úthlutað notandanafni ásamt lykilorði. Það er afar mikilvægt að notendur passi vel upp á lykilorðið sitt og gefi það hvorki upp né leyfi öðrum að nota sinn aðgang.

Undanfarin ár hefur borið nokkuð á því að óprúttirn aðilar hafi verið að reyna plata notandanöfn og lykilorð frá notendum HÍ. Þetta er venjulega gert með því að senda út tölvupóst sem virðist koma frá stofnunum HÍ þar sem notandi er beðin um að senda notandanafn og lykilorð svo hægt sé að uppfæra upplýsingar um viðkomandi eða til þess að halda aðgangi virkum svo eitthvað sé nefnt. Svona tölvupóstar koma aldrei frá okkur né öðrum aðilum tengdum HÍ. Þegar svona tölvupóstar berast þá skal ávallt henda þeim.

Í raun er reglan einföld og henni ber að fylgja í einu og öllu:

ALDREI SENDA LYKILORÐIÐ ÞITT MEÐ TÖLVUPÓSTI.

Ef minnsti grunur er á að einhver hafi komist yfir lykilorðið þitt þá skaltu umsvifalaust breyta því. Þú breytir lykilorðinu þínu í Uglu. Smellir þar á Uglan mín og velur Breyta lykilorði.



Hafi lykilorðið tapast er hægt að nálgast nýtt með því að sækja það gegn framvísun skilríkja í Tölvuþjónustuna Háskólatorgi, á Þjónustuborðið Háskólatorgi eða Menntasmiðju Stakkahlíð. Einnig er hægt að fá það sent á lögheimili ef notendur eiga þess ekki kost að koma á staðinn. Frekari upplýsingar er hægt að fá hjá Tölvuþjónustunni í síma 5254222 eða á help@hi.is.

frida@hi.is
hjh@hi.is

Síðasta vetur fóru að heyrast raddir í háskólasamfélaginu um að það vantaði leið fyrir háskólaborgara til að kynna sig á vefnum. Einhverja einfalda leið sem hentaði tækniglöðum sem og hinum. Það voru ekki síst vefstjórar sviðanna sem fengu að heyra þessar raddir. Vefstjórar og tæknimenn Reiknistofnunar hittust um miðjan vetur og skeggræddu þessi mál. Það kom í ljós að margir í þessum hópi höfðu kynnst WordPress vefumsjónarkerfinu og þótti það hentugt í þessu tilfalli. Það fór því svo að ákveðið var að setja upp vefumsjónarkerfið WordPress MU og gera öllum háskólaborgurum aðgengilegt.



Frá upphafi var ljóst að ekki var mikill tími aflögu til að reka kerfið og því var ákveðið að hafa hófsemi og stöðugleika að leiðarljósi. Ákveðið var:

- Að bjóða aðeins upp á eitt útlitþema sem tók mið af hönnunarstaðli Háskólans.
- Að bjóða upp á mjög takmarkaðan fjölda íbóta (plugin).
- Að gera aðeins nauðsynlegustu uppfærslur og breytingar á kerfinu og hafa þær eins sjaldan og mögulegt er.
- Að hafa geymslupláss hvers vefs takmarkað.
- Að miðlæg nærþjónusta yrði mjög takmörkuð, en aftur á móti treyst á jafningjafræðslu.

Þann 25 febrúar var kerfið opnað undir nafninu uni.hi.is. Kerfið var lítið kynnt formlega á þessum tíma en mánuði eftir opnun höfðu þó um 40 háskólaborgarar opnað vef. Þegar þetta er skrifað (í byrjun nóvember) eru tæplega 500 vefir skráðir.

Skilmálar:

- Háskólaborgarar með notandanafn hjá rhi geta sjálfir stofnað vef. Miðlæg auðkenning tölvukerfa háskólans er notuð til að stýra aðgangi að ritli vefsins. Slóð er á forminu <http://uni.hi.is/notandanafn>
- Vefurinn er opinn frá því notandi stofnar hann og lifir jafn lengi og notandanafn hans. Vef er lokað mánuði eftir að notandanafn verður ógilt. Þegar vef er lokað er öllu efni hans hent. Notandi getur sjálfur tekið afrit af efni sínu á auðveldan hátt áður en honum er lokað.
- Hver notandi fær 10MB af plássi fyrir sinn vef.
- Notendur bera alla ábyrgð á efni vefs síns.

baldure@hi.is

AÐ TAKA PRÓF Á TÖLVUR

Löng hefð er fyrir prófum í tölvuverum Háskóla Íslands. Sem dæmi má nefna að í desember 2010 voru haldin próf í 19 námskeiðum með rúmlega 1.300 lokapróftökum. Próf í tölvuverum eru af margvíslegum toga, stundum er námsefnið þess eðlis að marklitið er að halda próf nema að nemendur hafi aðgang að ákveðnum forritum t.d. Excel. Í vaxandi mæli fara próf þó fram í tölvuverum án þess að viðfangsefnið krefjist þess. Þetta á t.d. við um próf í lagadeild en þar er leitast við að sem flest skrifleg próf fari fram í tölvuverum, utan námskeiða á fyrsta ári en þar er fjöldi nemenda slíkur að ekki er hægt að prófa nemendur í einni lotu. Nemendur á fyrsta ári í lagadeild geta verið á fjórða hundruðið en með góðu móti má prófa allt að 175 nemendur í 7 tölvuverum sem eru staðsett í 5 byggingum. Fram til þessa hefur kostnaður vegna prófa í tölvuverum alfarið fallið á kennslusvið. Frá og með 1. janúar 2011 fellur kostnaður vegna leigu á tölvuverum á viðkomandi deildir en kostnaður vegna prófgæslu fellur á kennslusvið. Kostnaður vegna prófa sem haldin eru utan próftímabíla fellur alfarið á viðkomandi deildir.



Við framkvæmd prófa í tölvuverum¹ er mikið lagt upp úr öryggi. Prófmönnum er úthlutað tímabundnum notandanöfnum og aðgangsorðum sem einungis gildir á prófdegi. Eftir að nemendur skrá sig inn á vinnustöðvarnar sækja þeir prófverkefni sín í ákveðna möppu og vista svo úrlausnir í aðra möppu. Eftir að nemendur hafa vistað úrlausnarskjöl sín í upphafi próftíma eru öryggisafrit tekin á 15 mínútna fresti, afritin eru þó einungis af því sem nemendur vista sjálfir. Komi það fyrir að tölvan „hrynji“ meðan á prófi stendur fer svo kallað „auto recovery“ í gang og jafnframt er öryggisafrit til staðar af síðustu vistun nemandans. Að prófi loknu er úrlausnunum komið fyrir á heimasvæði kennarans.

Hægt er að velja á milli fjögurra ólíkra uppsetninga á prófaumhverfi.

1) Lokað. Sjálfgefið er að prófaumhverfið sé „lokað“ og þá hafa nemendur einungis skrifheimild á skilastað úrlausna, öll önnur svæði eru ritvarin og viðeigandi villuboð birtast sé reynt að vista gögn annars staðar.



Diskadrif, usb-tengi, vafrar og samskiptaforrit eru óvirk.

2) Lokað en þó „minnisopið“. Í þessu umhverfi er opið fyrir aðgengi á usb-tengi og nemendur geta því komið með eigin gögn með sér.

3) Opið. Í opnu umhverfi eru allar aðgerðir leyfðar, þ.á.m. samskipti við aðra. Í opna umhverfinu nýtist skilakerfi úrlausna og jafnframt er hægt að fylgjast með því að nemendur visti úrlausnir sínar reglulega. Prófstjórn nýtir sér eftirlitskerfi sem sýnir síðasta vistunartíma hjá hverjum og einum nemenda. Hafi nemendur ekki vistað þegar klukkustund er liðin af próftíma er hnippt í viðkomandi (með tilheyrandi ónæði fyrir þá sem þegar hafa vistað).

4) Moodle í lokuðu. Moodle hefur eigið prófaumhverfi sem er lýst nánar hér á eftir en það er líka hægt að samþætta það við lokaða umhverfið til að fyrirbyggja samskipti við aðrar tölvur.

Moodle – próf til þjálfunar

Kennsluumsjónarkerfið Moodle hefur eigið prófaumhverfi² og því fylgir t.d. prófklukka sem sýnir próftímamann og telur niður mínúturnar á meðan á prófi stendur. Í Moodle eru ýmsar gerðir spurninga í boði til dæmis; krossaspurningar, pörunarspurningar, eyðufyllingar, fyrirfram skilgreind svör og ritgerðarspurningar.

Moodle er mikið notað fyrir æfingapróf og skyndipróf sem tekin eru heima. Í sumum tilfellum fær nemandi að taka þau próf oft en einu sinni. Í nokkrum námskeiðum eru einnig tekin miðmissis- og lokapróf í kerfinu. Það hefur færst í vöxt að Moodle-próf séu tekin í tölvuveri en þá eru í flestum tilfellum ekki notuð tímabundin notandanöfn heldur öryggisstillingar sem eru innbyggðar í Moodle. Á haustmissisri 2010 var Moodle alls notað í 78 námskeiðum á öllum fræðasviðum skólans og próf voru lögð fyrir í 22 námskeiðum og próftök voru samtals rúmlega 30.000, þar af voru rúmlega 23.000 próftökur í 3 námskeiðum sem Matthew Whelpton kennir í deild erlendra tungumála.

Í hvert skipti sem nemandi fer á nýja síðu í prófi í Moodle vistast svör á fyrri síðu inn í kerfið en þar fyrir utan eru nemendur hvattir til að vista oft. Lokist vafrí á meðan próf stendur yfir getur nemandi opnað prófúrlausn sína í nýjum vafraglugga og öll svör sem hann vistaði áður eru í úrlausninni.

Moodle býður upp á margbrotnar stillingar varðandi próf t.d.

² Kennslumiðstöð hefur tekið saman leiðbeiningar um próf í Moodle:

- Fyrir nemendur: http://kemst.hi.is/vefur/moodleskjol/Prof_tekid_i_Moodle_nemandi.pdf
- Fyrir kennara: http://kemst.hi.is/vefur/moodleskjol/Prof_tekid_i_Moodle_kennari.pdf

¹ Í Uglu er sérstök upplýsingasíða um framkvæmd prófa í tölvuverum: Nám og kennsla -> Próf -> Tölvuverspróf, verklag.

hversu lengi próf á að vera opið nemendum og hve löngum tíma hver nemandi má eyða í próftökuna og hvort einhverjir nemendur fá lengri próftíma. Einnig má stilla hvort nemandi megi taka prófið oftar en einu sinni og hvort tími eigi að líða á milli tilrauna, hvort próf er varið með lykilorði eða hvort próftakar geti aðeins opnað prófið frá ákveðnum tölvum/ip-tölum.

Enn sem komið er skortir lifandi tengingu á milli Moodle og Uglu, sem þýðir að segi nemandi sig t.d. úr námskeiði í Uglu situr hann enn í því Moodle-megin nema að hann sé tekinn handvirkt út þar. Það sama gildir þegar nemandi skráir sig í námskeið, hann er ekki þar með skráður í námskeiðið í Moodle. Í Uglu eignast hvert námskeið sitt heimasvæði og nemendur hafa sjálfkrafa aðgang að heimasvæðum þeirra námskeiða sem þeir eru skráðir í. Hins vegar þarf að setja hvert námskeið sérstaklega upp í Moodle og því fylgir talsverð handavinna. Á meðal verkefna hugbúnaðardeildar á þessu ári er að tengja Uglu og Moodle betur saman.

Prófgerðar- og próftökuforritið QuestionWriter


Loks má nefna að kennurum standa til boða afnot af sjálfstæðu prófaforriti, QuestionWriter.³

Í forritinu er gert ráð fyrir margvíslegum tegundum spurninga, þ.á.m. opnum textaspurningum.

Kennari ræður tímasetningu prófs, klukkan hvað aðgangur opnast og prófklukka telur tímann niður. Með forritinu er hægt að byggja upp misþunga spurningaflokka sem mynda spurningabanka sem hægt er að láta forritið velja úr af handahófi. Nemandi fær einkunn strax að loknu prófi. Kennarinn kemur prófinu fyrir t.d. á sínu opna vefsvæði og nemendur nálgast það svo þar. Svörin safnast á erlendan vefþjón en tæknilega er hægt að láta þau jafnframt safnast á aðra vefþjóna. QuestionWriter er sjálfstætt forrit og ótengt Uglu en hana má t.d. nota til að senda nemendum tilkynningu með slóð prófsins. Í QuestionWriter er hægt að útbúa aðgöngumiða að prófum en þá þarf að senda hverjum og einum nemanda sinn aðgöngumiða, sem getur verið býsna önuget í fjölmönnum námskeiðum. Af þeim 19 prófum sem voru haldin í tölvuverum í desember 2010 var QuestionWriter notaður í einu prófi og Moodle í tveimur prófum. Með því móti var prófgæsla tryggð en nemendur hefðu rétt eins getað tekið prófið heima, en þá án prófgæslu.


hpal@hi.is

³ Forsíða Uglu -> Tölvuþjónusta -> Hugbúnaður -> QuestionWriter umsókn.



Skipting á vafranotkun á heimsvísu í desember 2010.

Í desember 2010 tók Firefox við af IE sem mest notaði vafrinn í Evrópu með 38% notkun. Ástæðan fyrir því hversu mikið IE hefur dalað í Evrópu seinustu misserin má líklega rekja til hversu margir notendur eru farnir að nota Chrome frá Google.



Breytingar á skiptingu vafranotkunar í Evrópu árið 2010

Heimildir:
http://en.wikipedia.org/wiki/Usage_share_of_web_browsers
<http://gs.statcounter.com/>

ZOTERO EÐA ENDNOTE


zotero

Við rannsóknir er mikilvægt að skrá heimildir og bera þær saman, flokka þær og koma á þær skipulagi og glósa ýmis minnisatriði í sambandi við þær. Þetta krefst skipulags og þá er gott að hafa sérhæfð forrit til að sjá um slíkt. Einnig er mikilvægt að geyma heimildasöfn og eiga möguleika á að nota þau seinna. Nemendur og starfsmenn HÍ eiga kost á kennslu við að nota séreignahugbúnaðinn Endnote og hefur notkunin í för með sér þjálfun, reynslu og færni sem nýtist í námi og starfi.


Að loknu námi er nauðsynlegt að viðhalda þessari færni og jafnvel auka hana. Notendur þurfa því einnig að hafa aðgang að hugbúnaðinum að loknu háskólanámi eða starfi. Opinn og frjálshugbúnaður eins og Zotero er ákaflega heppilegur í þessu samhengi. Gagnstætt Endnote, er notkun á Zotero ekki háð hugbúnaðarleyfum. Í raun er þetta ekki sjálfstætt forrit heldur íbót fyrir Firefox vafrann sem er einn sá vinsælasti á markaðnum. Sérhver notandi getur sett þetta upp í vafrannum sínum með því að fara á vefinn <http://www.zotero.org/> og smella á Download.

Eldrefurinn Firefox verður þannig ákaflega nýtsamur við söfnun heimilda í Zotero. Heimildasöfnin nýtast bæði í Microsoft Office og frjálssa Office (OpenOffice) og auðvelt er að setja inn íbætur sem hægt er að sækja á vefnum <http://www.zotero.org/>

Notkun




Með Zotero, Firefox og Office getur þú kafað í gagnasöfn Háskólabókasafnsins og safnað fræðigreinum. Einn smellur með músinni og greinin fer í heimildasafnið þitt (sjá mynd).



Leit í vinsælum leitarvélum skilar mörgum niðurstöðum sem hægt er að vista allar eða haka við einstakar og vista svo (sjá mynd hér á undan).

Leit á Google Books og Amazon skilar niðurstöðum um bækur og má vista þær upplýsingar með einum smelli á myndina af bókinni í stikunni (sjá mynd).



Sjálft notendaviðmótið kemur fram þegar smellt er á Zotero táknið neðst hægra megin í vafrannum og er það svipað itunes.

Íslenskun

Þar sem Zotero er frjálshugbúnaður, þarf ekki sérstök leyfi til að aðlaga til dæmis Gegnir að Zotero eða Zotero að Gegni. Því miður eru ákveðin vandamál með að vista heimildaskrár frá Gegni bæði í Endnote og Zotero en með tilkomu Zotero er það bara spurning um tíma, að Zotero muni vinna með Gegni.

Á sínum tíma var gerð íslensk útgáfa af APA heimildastaðlinum fyrir Endnote sem nefnd var KHI. Það ætti ekki að vera mikið verk að búa til íslenska útgáfu af sama staðli fyrir Zotero.

Fyrirtækið Zotero


Á bak við þennan hugbúnað er lítið fyrirtæki sem fær tekjur sínar af að vista heimildasöfn notenda sinna. Ókeypis er að vista heimildir upp að vissu magni en hægt er kaupa viðbótar geymslupláss. Til dæmis kostar það 20\$ (USD) árlega að hafa allt að 1 GB geymslupláss. Ókeypis er að fá notandanafn og lykilorð á vef þeirra auk þess að vista allt að 100 MB.

annaj@hi.is

KENNITÖLUR ÚR REKSTRI

	nóv. 2004	nóv. 2005	nóv. 2006	nóv. 2007	nóv. 2008	nóv. 2009	nóv. 2010	breyting (‘09 -> ‘10)
Notendur								
Skráðir notendur	12.976	13.759	15.069	14.461	18.231	19.926	20.472	3%
Þar af nemendur	10.305	10.730	11.956	11.446	14.864	16.986	17.287	2%
Fjárveiting								
Fjárveiting HÍ Mkr	58,523	59,987	64,485	84,254	92,103	102,283	97,765	-4%
HInet								
Skilgreind tæki	7.697	8.837	9.798	10.917	12.870	13.641	14.222	4%
Í léni RHÍ	3.856	4.289	5.091	5.912	8.017	8.971	9.443	5%
Fjartengingar starfsmanna								
ADSL notendur	1.216	1.716	1.836	1.186	1.082	956	895	-6%
Flakkarar	518	652	792	1.009	1.243	1.079	897	-17%
Þráðlaus netkort	4.846	6.588	8.099	9.021	13.648	16.395	17.799	9%
Notendur á stúdentagörðum	568	596	702	708	709	705	774	10%
Tölvupóstur								
Fjöldi pósthólfa	12.976	13.759	15.069	14.461	18.231	19.926	25.459	27%
Samanlögð stærð kerfispósthólfa (GB)	300	669	917	1.560	2.931	4.386	6.169	41%
Fjöldi IMAP-tenginga (pús.)	4.350	6.387	7.147	7.556	10.669	12.764	12.471	-3%
Fjöldi IMAP-notenda	9.225	10.045	11.618	11.606	14.250	16.101	16.508	3%
Fjöldi POP-tenginga (pús.)	1.542	1.358	1.032	974	960	1.174	1.385	18%
Fjöldi POP-notenda	1.452	979	750	637	729	1.051	1.422	35%
Diskarými								
Á netþjónum (TB)	3,5	4,9	5,7	8	11	20	32	61%
Tölvuver								
Fjöldi tölvuvera RHÍ	18	18	18	18	16	16	16	0%
Fjöldi tölva í tölvuverum RHÍ	282	297	297	297	305	305	321	5%
Fjöldi tölva í þjónustu RHÍ	363	394	404	404	431	468	486	4%
Póstlistar								
Fjöldi póstlista	123	137	148	157	168	181	188	4%
Ugla								
Innskráningar (pús) *	256	309	358	396	435	535	614	15%
Fjöldi notenda *	11.673	12.821	12.913	13.326	14.226	16.287	16.739	3%
Meðalfjöldi innskráninga á hvern notenda *	21,94	24,11	27,70	29,70	30,6	32,87	36,66	12%

* Stjórnumerkir reitir eiga við um þar sem tölur gilda í raun einungis fyrir nóvember mánuð.



REIKNISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS



Agnar Kristján Þorsteinsson	Tölvuþjónusta	aggi@hi.is
Albert Jakobsson	Deildarstjóri notendaþjónustu	aj@hi.is
Anil Thapa	Notendaþjónusta / Kerfisstjórn	anilth@hi.is
Anna Jonna Ármannsdóttir	Kerfisstjórn	annaj@hi.is
Ari Bjarnason	Hugbúnaðargerð	aribj@hi.is
Arnkell Logi Pétursson	Hugbúnaðargerð	logip@hi.is
Baldur Eiríksson	Verkefnisstjóri / Gæðastjóri	baldure@hi.is
Birgir Guðbjörnsson	Deildarstjóri netdeildar	birgir@hi.is
Bjarni Guðnason	Símismiður	bg@hi.is
Einar Valur Gunnarsson	Notendaþjónusta	einarv@hi.is
Elías Halldór Ágústsson	Kerfisstjórn	elias@hi.is
Finnur Þorgeirsson	Notendaþjónusta	fth@hi.is
Guðmundur Már Sigurðsson	Notendaþjónusta	gummi@hi.is
Hallfríður Þóra Haraldsdóttir	Tölvuþjónusta	frida@hi.is
Haraldur Valur Jónsson	Hugbúnaðargerð	haraljo@hi.is
Haukur Jóhann Hálfðánarson	Ugla / Notendaþjónusta	hjh@hi.is
Helgi Möller	Hugbúnaðargerð	moller@hi.is
Hlín Sæþórsdóttir	Tölvuþjónusta	hlins@hi.is

Hörður Guðmundsson	Hugbúnaðargerð	hordurg@hi.is
Ingibjörg Björgvinsdóttir	Tölvuþjónusta	ingab@hi.is
Ingimar Örn Jónsson	Netumsjón	ingimar@hi.is
Ívar Björn Hilmarrsson	Hugbúnaðargerð	ivarbj@hi.is
Jóhann B. Guðmundsson	Kerfisstjórn	johannbg@hi.is
Jóhann Teitur Mariússon	Hugbúnaðargerð	jtm@hi.is
Jóhannes Páll Friðriksson	Notendaþjónusta	johannes@hi.is
Linda Erlendsdóttir	Notendaþjónusta	lindae@hi.is
Magnús Atli Guðmundsson	Verkefnastjóri	mag@hi.is
Magnús Gíslason	Deildarstjóri Kerfisdeildar	magnus@hi.is
Mariús Ólafsson	Netstjóri HInet og RHnet	marius@hi.is
Páll Haraldsson	Hugbúnaðargerð	qwerty@hi.is
Ragnar Stefán Ragnarsson	Deildarstjóri hugbúnaðarþróunar	ragnarst@hi.is
Sæþór L. Jónsson	Forstöðumaður	slj@hi.is
Sigurður Jarl Magnússon	Notendaþjónusta	siggij@hi.is
Sigurður Örn Magnason	Notendaþjónusta / Kerfisstjórn	som@hi.is
Steingrímur Óli Sigurðarson	Notendaþjónusta	steingro@hi.is